

Tillaga til þingsályktunar

um vöktun samfélagslegra áhrifa álvers- og virkjunarframkvæmda á Reykjanesi.

Flm.: Björk Guðjónsdóttir, Kjartan Ólafsson, Árni M. Mathiesen, Árni Johnsen,
Grétar Mar Jónsson, Helga Sigrún Harðardóttir, Eygló Harðardóttir.

Alþingi samþykkir að fela Keili, miðstöð vísinda, fræða og atvinnulífs, í samvinnu við Háskóla Íslands að fylgjast með samfélagsbreytingum og þróun byggðar og atvinnulífs á því landsvæði þar sem áhrifa álvers- og virkjunarframkvæmda á Reykjanesi mun gæta mest.

Verkefninu verði ætlað fé á fjárlögum í sex ár frá og með árinu 2010. Keilir skili formlegum skýrslum til ráðherra byggðamála í lok árs 2011 og 2013 og síðan í lok verkefnisins. Þá verði Keilir stjórnvöldum til ráðuneytis á tímabilinu verði þess óskað. Einnig verði ráðherra byggðamála falið að vinna að því að Norðurál, sem hyggst reisa álver í Helgúvík, og HS Orka, sem mun þurfa að ráðast í umfangsmiklar virkjunarframkvæmdir vegna álversins, komi að þessu verkefni bæði með fjárhagslegum stuðningi við verkefnið og samvinnu varðandi upplýsingar og gagnaöflun eins og þurfa þykir.

Greinargerð.

Bygging álvers og virkjunarframkvæmdir á Reykjanesi, svo og starfsemi álversins, munu hafa mikil áhrif á samfélags-, byggða- og atvinnuþróun. Hversu mikil eða víðtæk þau áhrif verða er ekki vitað. Verkefnið mun hafa einhver áhrif um allt land, nokkur þjóðhagsleg áhrif, annars konar og meiri áhrif á helstu áhrifasvæðum en mest verða þau væntanlega á suðvesturhluta landsins. Þessum framkvæmdum er ætlað að styrkja stöðir atvinnulífs á Reykjanesi og jafnvel víðar. En hver áhrifin verða og hversu víðtæk er ekki vitað með vissu.

Við undirbúning og byggingu Kárahnjúkavirkjunar og álvers í Reyðarfirði voru unnar viðamiklar skýrslur um samfélagsleg og efnahagsleg áhrif framkvæmdanna á Austurlandi. Ekki hafa verið unnar skýrslur um áhrif fyrirhugaðra framkvæmda á Reykjanesi á samfélagið þar og á nærliggjandi svæðum. Nauðsynlegt er að mati flytjenda þingsályktunartillögu þessarar að vakta áhrif verkefnisins, m.a. á eftirfarandi þætti:

- a. Efnahag og möguleika fólks til að afla sér tekna,
- b. vinnumarkað,
- c. mannfjölda og búsetuþróun,
- d. starfsemi sveitarfélaga og þjónustu þeirra,
- e. húsnæðismál,
- f. almenna þjónustu,
- g. opinbera þjónustu,
- h. nýtingu lands og auðlinda,
- i. ferðaþjónustu,
- j. félagsgerð og lífsstíl fólks.

Ljóst er að bygging álvers í Helgúvík mun hafa veruleg áhrif á samfélagið á Reykjanesi og á byggða- og atvinnuþróun langt út fyrir svæðið. Nauðsynlegt er að stjórnvöld fylgist

með, rannsaki áhrifin og nýti rannsóknina m.a. til skynsamlegra inngripa með mótvægis- aðgerðum ef það er talið nauðsynlegt. Fylgjast þarf með afdrifum mannfólksins, rétt eins og náttúrunnar, við framkvæmdir sem þessar.

Samfélagið á Reykjanesi er að mörgu leyti frábrugðið öðrum samfélögum á landinu. Reyknesingar bjuggu við það í áratugi að í nágrenni þeirra var bandarískt samfélag varnarliðsmanna og fjölskyldna þeirra. Vissulega hafði þessi sambúð til svo margra ára áhrif á allt samfélagið. Samskipti Reyknesinga við bandarískar fjölskyldur voru alla tíð þónokkrur og margir stofnuðu til vináttu við bandarískar fjölskyldur sem jafnvel halda enn þrátt fyrir að varnarliðið sé nú horfið á brott. Varnarliðið var mjög stór vinnustaður og auðvelt var fyrir Reyknesinga að komast í góð og vel launuð störf án mikillar menntunar. Dæmi eru um fólk sem starfaði hjá Varnarliðinu allan sinn starfsaldur. Þegar Varnarliðið fór hurfu með því um 900 störf og atvinnuleysi á Suðurnesjum varð það langmesta á landinu. Kjölfestuatvinnurekandi hvarf af svæðinu. Ekki hefur tekist að skapa jafnmörg störf á svæðinu að nýju. En með byggingu álvers mun störfum aftur fjölga á Reykjanesi. Samhliða rannsókn á áhrifum byggingar álvers og virkjanaframkvæmda á hagi fólks á Reykjanesi er eðlilegt að skoða einnig þau áhrif sem brotthvarf varnarliðsins hafði á búsetu- og atvinnumál á svæðinu.

Afar mikilvægt er að safna upplýsingum jafnóðum og framkvæmdir eru í gangi. Í mörgum tilfellum er ógerlegt eða til muna erfiðara að nálgast upplýsingar eftir á. Því er mikilvægt að stjórnvöld feli Keili í samstarfi við Háskóla Íslands hið fyrsta að hefja slíka rannsókn.